

Nd.

61. Nefndarótt

um frumv. til laga um viðauka við lög nr. 25, 19. júní 1922 [Bæjarstjórn í Hafnarfirði].

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta fer fram á, að útsvarsskylda nái til manna, sem eru lögskráðir á skip, skrásett í Hafnarfirði, eigi skemur en þrjá mánuði gjaldársins. En samskonar ákvæði eru í lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.

Úr Hafnarfirði ganga nú til fiskiveiða nokkur erlend leiguskip; ofanefnd fyrir mæli frv. ná ekki til manna á þessum skipum, þar sem þau eru ekki skrásett þar. Fyrir því er í frv. tekið upp sjerstakt ákvæði, sem heimilar að leggja útsvar á þá, sem lögskráðir eru á skip, sem ganga frá Hafnarfirði til fiskiveiða þrjá mánuði eða lengur, þótt ekki sjeu skipin skrásett þar. Þetta ákvæði er ekki áður í lögum. En bæði flutningsmaður frv. og meiri hluti allsherjarnefndar, sem leggur með þessu frv., litur svo á, að þetta ákvæði í frv. eigi eingöngu við þessi erlendu leiguskip, en taki ekki til manna á innlendum skipum fram yfir það, sem almenn lög að öðru leyti ákveða.

Að þessu athuguðu ræður meiri hluti allsherjarnefndar háttv. deild til þess að samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi, 17. febrúar 1925.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari. Framsm. meiri hl.

Árni Jónsson.

Jón Kjartansson.

Bernharð Stefánsson.

Samkvæmt lögum nr. 29, frá 1922, hafa sveitarstjórnir því að eins rjett til að leggja útsvar á þá, er eigi hafa lögheimili innanhrepps, að þeir eigi þar *fast aðsetur* eða reki þar arðsamt eða arðvænlegt fyrirtæki.

Með lögum þessum er Hafnarfirði veittur rjettur til að leggja nefskatt á hjerlenda vertíðarmenn, en þeir geta ekki talist að eiga þar fast aðsetur fremur en kaupafólk til sveita. Til þess að varna slíku misrjetti, geri jeg við frumvarpið svofelda

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. málslíð bætist:

enda eigi ekki lögheimili eða fast aðsetur í öðru sveitarfjelagi hjer á landi.

Alþingi, 18. febrúar 1925.

Magnús Torfason.